

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag fyrir 8,4 ha land úr jörðinni Kvistum, Ölfusi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt 28. apríl 2011 deiliskipulag fyrir land úr jörðinni Kvistum, samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið er fyrir fimm lóðir með byggingarreit á fjórum þeimra. Deiliskipulagið uppfyllir ákvæði gildandi aðalskipulags, sem auglýst var samhliða deiliskipulaginu, og staðfest 5. september 2011.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breytt deiliskipulag fyrir land Mýrarsels, lóðir 3-7, Ölfusi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt 28. apríl 2011 deiliskipulag fyrir land Mýrarsels, samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið uppfyllir ákvæði gildandi aðalskipulags, sem auglýst var samhliða deiliskipulaginu, og staðfest 5. september 2011. Með samþykktri breytingu er felldur niður byggingarreitur fyrir gróðurhús og vinnustofur en heimilt að reisa hesthús. Frístundabyggð er felld út og lóðir skilgreindar sem einbýlishúsalóðir E2. Skipulagsskilmálar frá 9. júní 2005 gilda með breytingum frá 5. maí 2008 sem tekur m.a. til rotþróa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Grænhól, Grænhól 1, Grænhól 2 og Strýtu, Ölfusi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt 27. október 2011 deiliskipulag fyrir Grænhól, Grænhól 1, Grænhól 2 og Strýtu, Ölfusi, samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lagfærður uppdráttur var samþykktur í bæjarstjórn 26. janúar 2012. Að Grænhól nær deiliskipulagið til stækkunar á hesthúsi, að Grænhóli 1 og Grænhóli 2 er deiliskipulagið fyrir einbýlishús og að Strýtu er deiliskipulag fyrir starfsmannahús er tilheyrar rekstri Grænhóls. Deiliskipulagið uppfyllir ákvæði gildandi aðalskipulags.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar Árbæjarlindir við Ingólfsfjall.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt 29. desember 2011 deiliskipulag vegna dæluhúss við Árbæjarlindir í Ölfusi.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005.

Deiliskipulagið tekur til byggingar á dæluhúsi sem hýsa mun dælu fyrir aukið rennsli úr safngeymi í aðveitu og miðlunargeymi í landi Fossness. Skipulagssvæðið, þar sem dæluhúsið mun rísa er staðsett í norðvesturhluta lóðarinnar Árbær 6, og er um 900 m² að stærð. Svæðið liggur rétt við vatnsverndarmörk og skal farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 með síðari breytingum.

Aðkoma er frá Biskupstungnabraut nr. 35 um gamla þjóðveginn með Ingólfsfjalli. Frá gamla þjóðveginum er farið um vegslóða sem þegar er til staðar og liggur í suður inn í land Árborgar og út fyrir vatnsverndarsvæðið. Byggingarreitur B1, verður fyrir allt að 45 m² dæluhús. Felldur er úr tillögnum frá fyrri auglýsingu byggingarreitur B2.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 6. febrúar 2012.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.